**Sþ.** **622. Fyrirspurn** [385. mál]

til sjávarútvegsráðherra um úrbætur í sjávarútvegi á Suðurnesjum.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

1. Er sjávarútvegsráðherra reiðubúinn til þess að gera sérstakar ráðstafanir sem verða megi til að endurbæta og endurreisa rekstur sjávarútvegsgreina á Suðurnesjum með hliðsjón af því uggvænlega ástandi sem þar ríkir í þessum efnum?
2. Er ráðherra tilbúinn til að úthluta, vegna þeirrar óskar sem fram hefur komið, viðbótarkvóta til þeirra skipa sem gerð eru út af svæðinu og hafa þá hliðsjón af þeim samdrætti í veiðikvóta sem rekja má til sölu margra öflugra fiskiskipa frá Suðurnesjum að undanförnu?
3. Er ráðherra reiðubúinn til þess að leita leiða til að koma á miðlun afla til þessa svæðis frá stöðum sem ekki ráða við þann afla sem á land berst nema fá til erlent vinnuafl?